

## iTUB Keraleiga - Almennir leiguskilmálar

iTUB ehf (iTUB) leigir út ker og aðrar endurnýtanlegar umbúðir (leigueiningar/einingar) til notkunar í flutningum og geymslu á hráefni og vöru til manneldis. Leigusvæði er Ísland og þau lönd sem íslenskir viðskiptavinir skipta við hverju sinni, enda sé iTUB haldið upplýstum um þau viðskipti og skil á leigueiningum sé í samræmi við skilmála iTUB.

### 1. Skilgreining á leigu

Hver sá notandi sem óskar eftir notkun á leigueiningum í eigu iTUB gerist leigutaki í kjölfarið á skráningu leigueininga.

Leiga hefst þegar leigutaki óskar eftir leigueiningum um borð í fiskiskip, til flutninga, í vinnslu eða til útflutnings og þær einingar hafa verið skráðar á reikning viðkomandi notanda í skráningarkerfi iTUB. Leigu lýkur þegar leigueiningar hafa verið tæmdar eftir fyrstu notkun og hefur verið skilað inn á skilgreindar skilastöðvar iTUB innanlands eða erlendis innan, gegn staðfestingu þar um.

### 2. Leigugjöld og greiðsluskilmálar

iTUB innheimtir leigugjöld samkvæmt notkun hverju sinni, sem reiknast ýmist af lönduðum afla (gjald pr/kg), gjaldi pr fjölda leigueininga pr leigudaga, eða samkvæmt öðrum skilgreiningum iTUB.

Leigugjöld eru í samræmi við gildandi gjaldskrá iTUB og/eða samkvæmt gjaldskrá Reiknistofu Fiskmarkaða (RSF).

Innheimta RSF er framkvæmd vikulega og er vísað í skilmála RSF þar um. Greiðsluskilmálar iTUB eru mánaðarlega, með gjalddaga 20 hvers mánaðar eftir leigumánuð. Leigutaki greiðir hæstu löglegu vexti og dráttarvexti af öllum vanskilum.

### 3. Ábyrgð leigutaka

Leigutaki ber fulla ábyrgð á þeim leigueiningum sem hann hefur á leigu hverju sinni, frá upphafi leigutíma þar til leigueiningunum hefur verið skilað samkvæmt skráningarkerfi iTUB. Við afhendingu tekur leigutaki á sig þá ábyrgð að leigueiningum verði skilað hreinum og/eða að hann greiði gjald fyrir þvott þegar einingunum er skilað inn á þvottastöðvar erlendis.

Leigutaki skal tilkynna iTUB um skemmdir á leigueiningum, hvort sem þær hafi skemmt í vörslu leigutaka eða ekki. Ef um augljósar skemmdir af völdum leigutaka er að ræða, greiðir leigutaki viðgerð á einingunni eða greiðir fyrir hana að fullu ef um varanlegar skemmdir er að ræða. Tapi leigutaki leigueiningu í sinni vörslu, greiðir hann fyrir hana að fullu, samkvæmt gjaldskrá framleiðanda.

### 4. Réttur leigutaka til notkunar og framsals

Leigueiningar í eigu iTUB sem eru leigðar af leigutaka má einungis nota til flutninga og/eða geymslu á fiski og fiskafurðum, sem og ís til kælingar á fiskinum. Notkun undir veiðarfæri, málma, úrgang eða hvers kyns aðföng sem ekki teljast matvæli til manneldis er stranglega bönnuð. Verði leigutaki uppvís að slíkri notkun, varðar slíkt sektum sem geta numið fullu virði einingarinnar.

Leigutaka er heimilt að framselja notkunarrétt til 3ja aðila, enda sé sá aðili kaupandi af hráefni eða vöru sem leigueiningin er notuð undir. Skilyrði er að sá 3ji aðili sé samþykktur af iTUB og hafi gengist við leiguskilmálum iTUB varðandi notkun.

## 5. Afhendingar á leigueiningum

iTUB hefur skilgreint afhendingarstaði fyrir leigueiningar á Íslandi og erlendis – [sjá hér](#). Leigutímabil hefst við afhendingu út úr þeim afhendingarstöðum sem iTUB skilgreinir hverju sinni og iTUB hefur skráð þann fjölda leigueininga sem um ræðir á viðkomandi leigutaka í skráningarkerfi iTUB.

Almennt gildir um afhendingar og byrjun leigutímabils:

- a- frá skilgreindum afhendingarstöðum iTUB, enda sjái leigutaki sjálfur um flutninga þaðan
- b- við kaup á fiski í gegnum fiskmarkaði eða í beinni sölu
- c- við skipshlið þegar skip landar til eigin vinnslu á sama stað
- d- þegar leigutaki eða flutningsaðili á hans vegum tekur leigueiningu í sína umsjá

Í öllum tilfellum eru leigueiningar skráðar við afhendingu á reikning viðkomandi leigutaka í skráningarkerfi iTUB.

## 6. Skil leigueininga

iTUB hefur skilgreint skilastaði fyrir leigueiningar á Íslandi og erlendis – [sjá hér](#).

Almennt gildir að leigutaki skal skila leigueiningum á sama stað og þau voru afhent. Þar af leiðandi er leigutaki ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem hlýst af því að skila leigueiningum á sama stað og þær voru afhentar. Leigutaka er þó gert kleyft að skila leigueiningum á einhvern af skilgreindum skilastöðum iTUB erlendis til einföldunar. Kostnaður vegna bakaflutnings er þó enn sem fyrr á ábyrgð leigutaka.

Almennt skal leigueiningum skilað hreinum og tilbúnum til næstu nokunar:

- a- á sama stað og þar sem leiga hófst / þar sem leigueining var afhent
- b- á skilgreindar skilastöðvar erlendis
- c- á skilgreindar skilastöðvar innanlands, að fengnu samþykki iTUB
- d- á reikning 3ja aðila, enda liggi fyrir samþykki frá iTUB varðandi framsal á leigueiningum

Í öllum tilfellum þarf að skrá í skráningarkerfi iTUB skiluðum eða framseldum leigueiningum af reikningi viðkomandi leigutaka.

## 7. Flutningar leigueininga

Leigutaki greiðir allan flutning á tómum leigueiningum, enda eru skilmálar leigu skýrir hvað varðar skil á tómum leigueiningum á sama stað og leiga hófst samkvæmt liðum 4 og 5 í skilmálum þessum.

Vegna flutninga innanlands, skal leigutaki semja við sinn flutningsaðila um að afhenda tóma einingu á móti hverri þeirri einingu sem fer frá löndunarstað. iTUB mun eftir sem áður sjá um umsjó allra leigueininga og sjá til þess, í samráði við flutningsaðila notanda, að ker séu aðgengileg þar sem þeirra er þörf hverju sinni, eftir fremsta megni. Leigutaki skal gefa iTUB nægjanlegan viðbragðstíma til að tryggja þann fjölda eininga sem þörf er á hverju sinni. iTUB áskilur sér rétt til þess að safna upp tómum kerum eftir atvikum á kostnað viðkomandi leigutaka.

**Með því að taka við og nota leigueiningar iTUB, samþykkir notandi ofangreinda skilmála**